

Sjötta ársþing KÖRFUKNATTLERIKSSAMBANDS ÍSLANDS var haldið laugardaginn 19. nóvember 1966, að félagsheimili Vals að Hlíðarenda, og hófst þingið kl. 14:30.

Þetta gerðist:

Pingsetning:

Formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, setti þingið með nokkrum ávarpsorðum.

Í upphafi minntist hann tveggja látinna íþróttaförmuða, Erlings Pálssonar, formanns Sundsambands Íslands, og Benedikt G. Waage, heiðursforseta ÍSÍ, en hann hafði verið æfifélagi KKÍ, og aðalhvatamaður að stofnun sambandsins. Vottuðu þingfulltrúar hinum látnu virðingu sína með því að rísa úr sætum.

Þá bauð formaður velkominn forseta ÍSÍ, Gísla Halldórsson, svo og aðra þingfulltrúa.

Kosnir starfsmenn þingsins:

Að tillögu formanns KKÍ, var Gunnar Torfason, formaður KKRR, einróma kjörinn þingforseti, og tók hann þegar við stjórn þess. Þingritrar voru kosnir Magnús Björnsson og Þráinn Scheving.

Avarp forseta ÍSÍ:

Gísli Halldórsson, forseti ÍSÍ, kvaddi sér hljóðs og flutti þinginu kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Þakkaði hann stjórn KKÍ, og þá sérstaklega formanni, Boga Þorsteinssyni, mikil og gifturík störf á liðnu starfsári. Hann kvað sambandsstjórnina hafa lyft körfuknattleiksíþróttinni til vefs og frama á þeim fáu árum, sem sambandið hefði starfað, og sýnt með því frábæran áhuga og dugnað. Árnaði hann körfuknattleiksíþróttinni heilla.

Kosnar fastar nefndir þingsins:

Kjörbréfanefnd:

Helgi Sigurðsson

Ingi Gunnarsson

Sigurður Gíslason.

Fjárhagsnefnd:

Gunnar Pedersen
Hallgrímur Gunnarsson
Rúnar Vernharðsson

Laga- og leikreglnanefnd:

Guðjón Magnússon
Þorsteinn Olafsson
Einar Oddsson.

Kosningu allsherjarnefndar var frestað, unz séð yrði hvort vísa þyrfti málum til hennar.

Skýrsla fráfarandi stjórnar:

Formaður KKÍ flutti skýrslu stjórnarinnar. Var henni útbýtt fjölritaðri á þinginu, og viðast til hennar.

Áður en formaður hóf lestur skýrslunnar, beindi hann máli sínu til forseta ÍSÍ, Gísla Halldórssonar, og þakkaði honum hlý orð til stjórnar KKÍ. Um leið þakkaði hann framkvæmdastjórn ÍSÍ fyrir mjög góða samvinnu við stjórn KKÍ, og aðstoð á liðnu starfsári, sem og áður.

Í lok skýrslu sinnar drap formaður á þann vanda er steðjaði að körfuknattleiknum, vegna þess hvað fáir bætast í raðir körfuknatt-leiksmanna, sérstaklega hér í höfuðborginni. Fjöldi unglings reikaði verkefnislaus um götur borgarinnar, en mörg stærri íþróttafélaganna hefðu ekki enn tekið körfuknattleikinn upp á arma sína. Hinrar ýmsu íþróttagreinir þyrftu ekki að togast á um unglingana, heldur vinna að því að laða fleiri að íþróttunum, og stofnun fleiri íþróttagreina, t.d. körfuknattleiks, mundi gefa mörgum unglingum tækifæri, sem þeir eiga ekki kost á, t.d. í handknattleik og knattspyrnu, vegna þess hve ásetið væri í félögunum í þeim greinum.

Áður en formaður lauk máli sínu þakkaði hann meðstjórn-endum sínum fyrir gott og mikið starf á liðnu starfsári.

Álit kjörbréfanefndar:

Kjörbréfanefnd hafði setið á rökstólum, og skilaði hún nú áliti. Hafði Helgi Sigurðsson orð fyrir henni.

Kjörbréf höfðu aðeins borizt frá 3 aðilum, sem samtals áttu rétt til að senda 14 fulltrúa, og voru þeir allir mættir til þings. Kjörbréf reyndust í lagi og lagði kjörbréfanefnd til að þau yrðu samþykkt.

Var svo gert samhljóða.

Eftirtaldir fulltrúar voru mættir til þings:

Frá Íþróttabandalagi Ólafsfjarðar:

Björn Stefánsson.

Frá Íþróttabandalagi Suðurnesja:

Ingí Gunnarsson
Magnús Björnsson

Frá Héraðssambandinu "Skarphéðinn":

Haraldur Hafsteinn Pétursson.

Frá Körfuknattleiksráði Reykjavíkur:

Gunnar Torfason
Sigurður Gíslason
Guðjón Magnússon
Rúnar Vernharðsson
Einar Oddsson
Hallgrímur Gunnarsson
Þráinn Scheving
Einar Ólafsson
Þorsteinn Ólafsson

Tillögur:

Fráfarandi stjórn lagði fram nokkrar tillögur, sem öllum var vísað til nefnda, og verður vikið að þeim síðar í þinggerðinni.

Skýrsla gjaldkera:

Gunnar Pedersen, gjaldkeri sambandsins, las upp reikninga þess og skýrði þá. Reikningarnir voru endurskoðaðir.

Umræður urðu engar um reikningana, en skýrsla stjórnarinnar var til umræðu undir sama lið, og beindi Helgi Ágústsson nokkrum fyrirspurnum til stjórnarinnar um staðf útbreiðslunefndar og gagnrýndi nefndina.

Formaður, Bogi Þorsteinsson, svaraði fyrirspurnum Helga að nokkru, en kvaðst harma það, að formaður útbreiðslunefndar, Ásgeir Guðmundsson, hefði ekki getað mætt á þinginu, sakir anna, og væri því ekki til svara fyrir nefndina. Samt kvaðst hann geta tekið undir suma gagnrýni Helga, sérstaklega ráðningu framkvæmdastjóra nefndarinnar og störf hans.

EKKI urðu meiri umræður um skýrslurnar. Voru þær síðan bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

Álit nefnda:

Þingnefndir höfðu starfað í þinghléi og skiluðu þær nú áliti.

Gunnar Pedersen hafði framsögu fyrir fjárhagsnefnd, og las fyrst upp fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Skýrði hann liði hennar og lagði til, að hún yrði samþykkt óbreytt, en tók fram að ýmsir liðir hennar væru óvissir, sérstaklega hvað áhrærði tekjuöflun. Fjárhagsáætlunin var síðan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Til fjárhagsnefndar hafði verið vísað eftirfarandi tillögum:

"6. þing KKI ákveður að tekið verði upp þáttökugjald á Íslandsmeistaramótum í körfuknattleik, þannig að þáttökufélög greiði ákveðið gjald fyrir hvern flokk, er það sendir til keppni. Gjaldið skal senda með þáttökutilkynningum. Gjaldið verði ákveðið á ársþingi KKI. Jafnframt falli niður gjöld fyrir þáttökuskírteini".

"6. þing KKI leggur til að þáttökugjöld til Íslandsmeistaramóts 1967 verði sem hér segir:

Meistarafl. karla	Kr. 500.00
1. og 2. fl. k. og kv. fl.	" 250.00
3. og 4. fl. k.	" 100.00

Fjárhagsnefnd lagði til að fyrri tillagan yrði samþykkt, en lagði til að þáttökugjald yrði sem hér segir:

Meistarafl. karla	Kr.	1.000.00
Meistarafl. kv., 1. og 2. fl. k.	"	250.00
3. fl. k. 4. fl. k. og 2. fl. kv.	"	100.00

Var breytingartillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkv. gegn 4. Síðan voru tillögurnar í heild bornar undir atkvæði og samþykktar með 7 atkv. gegn 4.

Pá tók til máls Guðjón Magnússon, og talaði fyrir hönd laga og leikreglnanefndar. Tveimur tillögum hafði verið vísað til nefndarinnar, og lagði hún til að þær yrðu báðar samþykktar, sú seinni með orðalagsbreytingu. Voru tillögurnar samþykktar þannig með samhljóða atkvæðum, en þær hljóða svo:

"13. grein reglugerðar um körfuknattleik orðist svo:

Deildarskipting skal vera á Íslandsmeistaramóti karla og kvenna innanhúss. Þannig að 6 félög eiga rétt á keppni í 1. deild, næstu 6 lið skipa 2. deild, næstu 6 3. deild, o.s.frv.

Sá aðili, sem fæst stig hlýtur í hverri deild, fellur niður í næstu deild fyrir neðan, nema neðsta deild. Sigurvegari í hverri deild, nema 1. deild, skal flytjast í næstu deild fyrir ofan."

"5. gr. "Reglugerðar um körfuknattleiksmót" orðist svo:

Greiða skal fyrir dómarastörf, sem hér segir:

M.fl. k.	Kr.	80.00	fyrir hvern leik
M.fl. kv., 1. fl. k. 2. fl. k.	"	50.00	" "
2. fl. kv., 3. fl. k. 4. fl. k.	"	30.00	" "

Greiðslan gengi til viðkomandi dómarafélags.

Aðrar tillögur:

Eftirfarandi tillögur voru bornar fram af fráfarandi stjórn, og fylgdi Bogi Þorsteinsson þeim úr hlaði.

Báðar tillögurnar voru samþykktar samhljóða.

"6. ársþing KKÍ 1966 telur æskilegt að úrslitaleikir Bikarkeppninnar 1967 verði haldnir á Akureyri, ef aðstæður leyfa".

"6. ársþing KKÍ 1966 telur að rétt sé að leikir í Íslandsmeistaramóti 1967 fari fram í Íþróttahöllinni í Laugardal, þannig:

1. deild
2. deild
2. fl. karla og úrslitaleikir annara flokka".

Tillaga um laun til dómara:

Guðjón Magnússon flutti tillögu, sem hann ásamt tveimur öðrum þingfulltrúum stóð að, þess efnis að dómurum í körfuknattleik bæri að greiða kaup fyrir störf sín.

Forseti ÍSÍ, Gísli Halldórsson, gerði grein fyrir lögum ÍSÍ, er um þetta mál fjalla. Kvað hann þessa tillögu vera alvarlegt mál, sem áður hefði skotið upp kollinum hér á landi, en stjórn íþróttahreyfingarinnar væru eindregið á móti af "princip" - ástæðum. Hann kvað dómara ekki frekar ættu að þyggja laun fyrir störf sín heldur en þátttakendir sjálfir. Óskaði hann þess eindregið að tillagan yrði dregin til baka.

Guðjón Magnússon tók til máls og mælti með tillöggunni. Kvaðst hann vilja benda á að þjálfarar fengju greidd laun fyrir sín störf, því þá ekki dómrarar? Hann kvaðst sammála Gísla Halldórssyni, að þarna væri um "princip" mál að ræða, en það væri meinung flutningsmanna, að þetta "princip" væri óréttlátt, og bæri að brjóta það á bak aftur. Taldi hann fullvist, að stjónarmið flutningsmanna mundu sigra, þótt síðar verði, íslenzkir dómrarar ættu fullan rétt á að standa á sama grundvelli og erlendir starfsbræður þeirra.

Gunnar Eggertsson lagði til að tillöggunni verði vísað frá, þar sem hún vegi að áhugamennskuhugsjóninni.

Einar Oddsson gerði athugasemd við orð Gunnars. Kvað hann mega álykta að íslenzkar íþróttir væru einmitt svo skammt á veg komnar, sem raun bæri vitni, vegna þess að Ísland væri eina landið í Evrópu, þar sem íþróttamenn væru hreinir áhugamenn.

Einar Ólafsson lýsti sig andvígan tillöggunni, og að ekki væri hægt saman að jafna störfum dómara og þjálfara.

Gísli Halldórsson tók aftur til máls. Benti hann á að fjölmörg störf væru unnin innan íþróttahreyfingarinnar af áhuga fyrir málefnum, án þess nokkurn þann, er þau vinni detti í hug að krefjast launa fyrir erfiði sitt. Þátttaka í íþróttum eigi að vera íþróttanna vegna, ekki í eigin hagsmunu skyni. Launaðir íþróttamenn hafa ekki sama gildi fyrir þjóðfélagið sem hinir, sem leggja stund á íþróttir af hreinum áhuga. Auk þess benti Gísli á, að laun til dómara gætu aldrei orðið það há, að þau skipti miklu máli.

Gunnar Eggertsson lagði frám tillögu þess efnis, að málinu yrði vísað frá, og næsta mál tekið fyrir. Var frávísunartillagan samþykkt með 6 atkv. gegn 3.

Önnur mál:

Guðjón Magnússon tók fyrstur til máls undir þessum lið, og kvaðst vilja víta þingforseta fyrir brot á þingsköpum, er hann bar upp frávísunartillögu vegna síðasta máls, og synjaði sér um að ræða tillöguna frekar.

Forseti ÍSÍ kvaðst álykta að þingforseti hefði í öllu farið að réttum þingsköpum.

Ingí Gunnarsson gerði fyrirspurn um hvernig haga skuli skipun liða í 1. og 2. deild eftir samþykkt þingsins um fjölgun liða í 1. deild.

Bogi Þorsteinsson kvað stjórn KKÍ hefði einmitt viljað heyra álit þingfulltrúa á þessu máli, og að stjórn KKÍ hefði ekki viljað gera tillögur þar um fyrr en séð yrði að tillagan: um fjölgun liða næði samþykki.

Guðjón Magnússon bar þá fram eftirfarandi tillögu:

"Liðið, sem féll niður í 2. deild á síðasta Íslandsmeistaramóti, og liðið, sem varð annað í röðinni í 2. deild á sama móti, leiki saman til úrslita um sæti í 1. deild".

Tillaga Guðjóns var samþykkt samhljóða.

Þá báru Þorsteinn Olafsson og Helgi Ágústsson fram eftirfarandi tillögu:

"6. þing KKÍ ályktar að beina þeim tilmælum til stjórnar KKÍ, að framkvæmd körfuknattleiksmóta hér á landi verði endurskoðuð frá rótum, til þess að koma megi í veg fyrir allar óþarfari leiktafir, svo sem of langan upphitunartíma leikmanna fyrir leik, óþarflega langan tíma við innáskiptingar og of löng leikhle milli hálfleikja".

Nokkrar umræður urðu um tillöguna, sem síðan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Kosið í Körfuknattleiksdómstól:

Einar Oddsson var kosinn sem aðalmaður, og sem vara-
maður hlaut kosningu Jón Otti Ólafsson.

Körfuknattleiksdómstóll er því þannig skipaður:

Aðalmenn:

Einar Oddsson	til 3 ára
Þórir Guðmundsson	- 2 ára
Guðjón Magnússon	- 1 árs

Varamenn:

Jón Otti Ólafsson	til 3 ára
Guðmundur Þorsteinsson	- 2 ára
Kristinn Stefánsson	- 1 árs

Kosning stjórnar KKÍ:

Fráfarandi formaður, Bogi Þorsteinsson, var einróma endurkosinn með lófaklappi.

Aðrir í aðalstjórn: Magnús Björnsson, Gunnar Pedersen, Helgi Sigurðsson, Þráinn Scheving, Agnar Friðriksson og Hallgrímur Gunnarsson.

I varastjórn: Sigurður E. Gíslason, Þorsteinn Ólafsson og Ásgeir Guðmundsson.

Endurskoðendur voru kosnir þeir Þórir Guðmundsson og Helgi V. Jónsson og til vara Gunnar Torfason (Allir endurkosnir).

Pingslit:

Hinn nýkjörni formaður KKÍ, Bogi Þorsteinsson, kvaddi sér hljóðs. Í upphafi máls síns kvaðst hann vilja þakka sér sýnt traust. Einnig þakkaði hann samstarfsmönnum sínum í fráfarandi stjórn fyrir mikil störf og góða samvinnu. Sérstaklega kvaðst hann vilja þakka þeim Ásgeiri Guðmundssyni og Guðjóni Magnússyni, en þeir hefðu ekki gefið kost á sér til endurkjörs vegna mikilla anna. Bogi kvað erfitt ár framundan, áframhaldandi baráttu við fjárhagsörðug-leika, og mikið starf þyrfti að inna af höndum til frekari útbreiðslu körfuknattleiksins. Sérstaklega kvað hann mikilvægt að tækist nánari samvinna við félögin úti á landi.

Þá þakkaði formaður forseta ÍSÍ, Gísla Halldórssyni fyrir þann heiður, er hann sýndi þinginu með nærveru sinni, einnig þakkaði hann þingforseta, Gunnari Torfasyni, fyrir góða þingstjórn.

Að lokum þakkaði Bogi fulltrúum fyrir komuna á þingið, sérstaklega utanbæjarmönnum, og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Loks ávarpaði þingforseti þingfulltrúa, árnaði hinni nýkjörnu stjórn heilla, og sleit þingi kl. 18:00.